

SÖGUDRAUMAR

1. *Draumur Flosa.*

„Mik dreymdi þat, segir Flosi“ — í 133. kap. Njálu — „at ek þóttumst vera staddr at Lómagnúpi ok ganga út ok sjá upp til gnúpsins. Ok opnaðisk hann. Ok gekk maðr út úr gnúpinum ok var í geitheðni ok hafði járnstaf í hendi.“ Síðar segir, að maðurinn „nefndisk Járngrímr“ og „kvaðst fara skyldu til alþingis.“ Er þá komið það úr draumnum sem mér virðist mestu máli skipta, og að vísu er stórfróðlegt. Þetta var eftir Njálsbrennu og brennumenn voru allir hjá Flosa, að Svínafelli.

Þess er þá fyrst að geta að í draumsögu þessari kemur mjög skýrt fram eitt aðaleinkenni drauma, sem menn veita vanalegast ekki eftirtekt. Menn dreymir eitthvað sem þeim er alókunnugt úr vöku, án þess að þeir átti sig á því. Flosi heldur að hann sjái í svefninum Lómagnúp, en það var vitanlega ekki, því að í gnúpnum var enginn mannaþústaður. Draumar verða fyrir samband við draumgjafa. Það er undirstöðueðli draumlífsins. Það er ekki draumur fyrr en samband er. Flosi fær þarna í svefninum samband við mann, sem á heima þar sem ástandið er líkt því sem verið hafði hér á jörðu langt aftur á öldum. Menn eru þar klæddir skinnnum og hafast við í hellum; og sennilega hefir þar verið steinöld; því að þó að Flosa þyki í draumnum sem maðurinn hafi í hendi járnstaf, þá er það ekkert að marka. Það gat alveg eins verið trélurkur. Það þarf ekki að efa, að orðið „járn“ hafi verið mjög ríkt í hugum þeirra sem þarna voru með Flosa (stillihópsins), enda kemur það aftur fyrir í nafni hellisbúans. Orðið „Grímur“, sem einnig kemur tvisvar fyrir í draumnum, mun sömuleiðis mjög oft hafa verið í hugum

brennumanna, þar sem þeir vissu, að Ásgrímur Elliðagríms-son mundi verða mjög fyrir málunum gegn þeim. Og að Járngrímur ætlar til alþingis, er vitanlega í besta samræmi við hugarfar stillihópsins sem þarna var samankominn. Það bendir mjög til þess að draumur þessi sé ekki tilbúningur söguritarans — eða þeirra sem búið höfðu í hendur honum — að Flosi færist í honum langt aftur eftir öldunum, til miklu ófullkomnara menningarástands, en þá var á Íslandi. En með Njálsbrennu hafði mjög stórt spor verið stigið afturábak. Lagt hafði verið í eyði eitt af mestu merkisheimilum á landinu, drepinn einn af mestu merkismönnum sinnar samtíðar og mestallt skyldulið hans, og með þessu athæfi stofnað til ófriðar og vígaferla. Draumurinn er einmitt af því tagi, sem vísindalegur skilningur á eðli drauma getur gert ráð fyrir, að Flosa hafi dreymt eftir hið mikla illvirki. Hvort það sé satt sem sagt er um drauminn sem feigðarspá, læt ég liggja á milli hluta, en þó er ekki ólíklegt, að þar kunni sögumenn eitthvað að hafa bætt um eftir á.

Það er býsna fróðlegt að bera draum Flosa saman við það sem J. S. M. Ward segir í hinni stórmerkilegu bók sinni „A Subaltern in Spirit Land“ eftir bróður sínum framliðnum; hafði hann fallið í ófriðnum mikla eftir frækilega vörn. Eftir dauðann hrekur hann aftur eftir öldunum, og eigi einungis aftur fyrir alla menningu og mannlíf, heldur aftur til ástands sem svarar til þess, er hér á jörðu var engin blómjurt til og ekkert hryggdýr (s. 10 og áfram). Dvelur hann þarna um hríð og líður illa, áður hann getur snúið aftur til mannlífs, vitanlega ekki í neinum andaheimi, þó að söguritarinn haldi það, heldur á einhverri jarðstjörnu. En hrakningur hans aftur eftir öldunum stafaði af því, að hann hafði horfið frá lífinu hér á jörðu sem þátttakandi í verknaði er miðaði að eyðileggingu menningar og mannlífs. Allmikið virðist vera um einhverskonar hrakninga eftir dauðann, þó að minniháttar sé en þetta, vanalegast, og hafa mér virst miklar líkur til, að fólk sem er á þesskonar hrakningi verði oft draumgjafar okkar hér á jörðu, meðan draumlífið er ekki komið í það horf sem vera þarf.

2. *Draumur Áns.*

Í Laxdælu, 48. kap. segir frá draum sem er allólíkur draumi Flosa en engu síður fróðlegur frá vísindalegu sjónarmiði og sem vottur um sannleiksgildi sögunnar. Kjartan Ólafsson og með honum Án svartí, var í heimsókn á Hóli í Saurbæ; en þar bjó þá Auður sú er Þórður Ingunnarson hafði skilið við og bræður hennar. Var þar „hin mesta skemmtan ok gleði. Um nóttina eftir lét Án illa í svefni, ok var vakiðr. Þeir spurðu hvat hann hafði dreymt. Hann svarar: „Kona kom at mér óþekkilig ok kippði mér á stokk fram. Hon hafði í hendi skálm ok trog í annarri; hon setti fyrir brjóst mér skálmína ok reist á mér kviðinn allan ok tók í brott innyflin ok lét koma í staðinn hrís; eftir þat gekk hon út,“ segir Án. Þeir Kjartan hlógu mjök at drauminum ok kváðu hann heita skyldu Án hrísmaga.“

Draumur þessi er auðskýrður, ef menn hafa nokkra þekkingu á stillilögmálinu og andlegum aflsvæðum. Húsfreyjan þarna á bænum hafði framið verknað, sem var mjög svipaður því sem Án þóttist verða fyrir í svefninum. Hún hafði komið um nótt, með vopn í hendi, að manni sem lá í rekkju sinni og svaf, og veitt honum stór sár. Og svo fylgdi hún vel eftir „at saxit nam í beðinum staðar.“ Má geta því nærri, að viðburður þessi mun hafa verið fólkinu á bænum mjög minnisstæður, enda tilræði þetta ekki framið án mikils geðofsa. Það kann og að hafa greitt fyrir, að Guðrún Ósvífursdóttir hafði mjög ríkan hug á því, að eitthvað þessu líkt mætti koma fyrir Kjartan. En að Áni þótti hann vera kviðristur, og hrísið, má rekja til þess, að vel var veitt þar á bænum og Án etið og drukkið meira en magi hans þoldi. Nægir það sem sagt hefir verið til að sýna, að líkurnar eru miklar fyrir því að draumsaga þessi sé sönn, en ekki skáldverk.

3. *Draumur Magnúsar konungs góða.*

Svo segir í Heimskringlu, að þeir konungarnir Magnús góði og Haraldur harðráði voru í herför í Danmörk:

„Þat var eina nótt, at Magnús konung dreymdi at hann þóttisk staddr þar sem var faðir hans, inn helgi Ólafr konungr, ok þótti honum hann mæla við sik: „hvárn kost viltu son minn at fara nú með mér eða verða allra konunga ríkastr ok lifa lengi ok gera þann glæp, at þú fáir annaðhvárt bætt trautt eða eigi?“ En hann þóttisk svara: „ek vil at þú kjósir fyrir mína hönd.“ Þá þótti honum konungrinn svara: „þá skaltu með mér fara.“ Magnús konungr segir draum þenna mönnum sínum. En litlu síðar fekk hann sótt“, ... þá er hann leiddi til bana.

Draumurinn er eftirtektarverður þegar menn hafa í huga stillilögmálið og skaplyndi Haralds harðráða. Sagan sýnir að Haraldi var ekkert ljúft að vera að heita mátti undirkonungur í Noregi til móts við Magnús frænda sinn og að óvænlega horfði um að honum mundi takast að kúga Magnús. Þegar nú þess er gætt að Haraldur hafði dvalið lengi á Grikklandi, þar sem menn höfðu frá fornu fari kunnað meira til eiturbýrlunar en í öðrum stöðum þá verður erfitt að verjast þeim grun, að draum þennan sé að rekja til þess, að Haraldi hafði komið í hug að ráða Magnús af dögum, en þótt að vonum viðurhlutamikið, og haft jafnvel nokkurn beyg af dýrlingnum bróður sínum.

4. Draumar fyrir Englandsför Haralds konungs.

Haraldur konungur Sigurðarson gerði eins og kunnugt er, tilraun til að leggja undir sig England, en beið ósigur og féll þar, og mikill hluti liðs með honum. Hafði Norðmannaher aldrei verri för farið en þessa, en þó guldu Engilsaxar það afhroð, að líklegt virðist, að innrás Haralds muni því drjúgum valdið hafa, að Vilhjálmur bastardur fór slíka sigurför sem varð. „Margir draumar váru þá sagðir ok annars konar fyrirburðir ok flestir daprligir“ áður Haraldur lagði upp í þessa feigðar för. Snorri segir frá þremur af þessum draumum, og fylgir kvæði hverjum, og sleppi ég þeim, að mestu. Gyrðr hét maðr og var á konungsskipi. „Hann þóttisk þar

vera staddr á konungsskipinu ok sá upp á eyna, hvar tröllkona mikil stóð ok hafði skálm í hendi, en í annarri hendi trog; hann þóttisk sjá yfir öll skip þeirra, at honum þótti fugl sitja á hverjum skipsstafni, þat váru allt ernir ok hrafnar.“

Ennþá ferlegri er þó draumur Þórðar, „er var á skipi því er skammt lá frá konungsskipi. Hann dreymdi um nótt at hann þóttisk sjá flota Haralds konungs fara at landi, þóttisk vita at þat var England; hann sá á landinu fylking mikla, ok þótti sem hvárirtveggja bjoggisk til orrustu ok höfðu mörg merki á lofti, en fyrir liði landsmanna reið tröllkona mikil ok sat á vargi ok hafði vargrinn manns hræ í munni, ok fell blóð um kjaptana; en er hann hafði þann etit, þá kastaði hon öðrum í munn honum ok síðan hverjum at öðrum, en hann gleypti hvern.“

Loks er sagt frá draumi Haralds konungs, að „hann þóttisk vera í Niðarósi ok hittir Ólaf konung bróður sinn, ok kvað hann vísu fyrir honum“ og er þar í þetta:

uggik enn at tyggi
yör muni feigð of byrjuð.

Segir hann Haraldi konungi fyrir feigð sína, en ekki er þess getið, hvað konungi hafi fundist um drauminn.

Draumar Gyrðar og Þórðar fræða oss mjög ljóslega um að samband manna það sem til drauma leiðir hefir verið við hina feiknlegustu staði, feiknlegri miklu en til eru á vorri jörð, og við atburðarásir, skyldar þeirri sem menn voru í þá, en lengra nokkru framgengnar, og ferlegri. Og sambandið er við jarðstjörnur þar sem eru til miklu stærri og ógurlegri rándýr en á okkar jörð.

Draumlífið sýnir glögglega, þegar það er rétt skilið, hvernig líf okkar hér á jörðu er tengt lífinu á öðrum jarðstjörnum. En þegar vel er, þekking fengin á sumum undirstöðulögmálum tilverunnar og hver hugsar rétt til annars, og breytir eftir því, þá verður allt sambandið uppávið. Þá dreymir menn allt glæstara og fegurra en það sem best er og

feurst hér á jörðu. Og þá hafa menn í svefni glögg samband við þá sem framliðnir eru, svo að bæði er gagn og fróðleikur að, og forboði þess ástands er dauðinn hefir sigraður verið, og það sem til dauða dregur.